

# EFTIRLITSSKÝRSLA

H.B. Grandi Akranesi Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	28.2.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	H.B. Grandi Akranesi	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Bárugata 8-10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5411850389	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Almar Sigurjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðmundur Hannesson	<b>Staðsetning</b>	350582,068 427101,867

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engar athugasemdir voru gerðar.

Beðið er eftir nýjum niðurstöðum úr frárennsli til þess að staðfesta að viðgerð á eimingartækjum skili tilætluðum árangri til lækkunar á COD-inu (efnafræðilegri súrefnisþörf).

## UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

- Fundur
  - Útafstandandi vegna síðasta eftirlits
    - Lofthraði í skorsteini og loftdreifilíkan sbr. 2.13
    - COD undir 1,5 kg/t hráefnis og niðurstöður frárennismælinga.
    - Ryk í útblæstri og umsókn FÍF
  - Yfirferð samantektar um heildarmagn efna í frárennsli sbr. 5.2
  - Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi, mælingar, skráningar, áætlanir og skýrsluskil
- Skoðun á verksmiðju, samantekt og kvittun gefin út.

Eftirlitið hófst á fundi. Mættir voru Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun og Almar Sigurjónsson og Guðmundur Hannesson frá HB Granda.

- Útafstandandi frá síðasta eftirliti var:
  - Hófst fundurinn á umræðum um útblásturshraða. HB Grandi sendi stofnuninni í nóvember sl. loftdreiflíkan fyrir útblástur frá fiskimjölverksmiðjunni og hefur stofnunin samþykkt lækkaðan útblásturshraða. Bréf þar um verður sent hið fyrsta.

ii. Erfiðlega hefur reynt að halda efnafræðilegri súrefnisþörf (COD) í frárennsli undir losunarmörkum í starfsleyfi. Hefur ýmislegt verið reynt til þess að ná gildum fyrir COD niður, m.a. aukin stýring á afsogi. Nú hefur það komið í ljós að göt á eimsvala í eimingartækjum sem ótímabær tæring (2 ára gömul tæki) hefur valdið, olli leka á efnun út í frárennslið. Eimsvalanum hefur nú verið skipt út og þar sem loðnuvertíð 2017 stendur yfir, þá þarf að bíða eftir niðurstöðum úr mælingum á sólarhringssýnum í frárennslinu til þess að staðfesta að COD-ið sé nú komið undir losunarmörk í starfsleyfi. Niðurstöður munu berast á vormánuðum. Svifagnir og fita í frárennsli hafa undanfarið verið undir losunarmörkum fyrir verksmiðjuna.

iii. HB Grandi á Akranesi sendi niðurstöður rykmælinga sem gerðar voru í mars 2016 og mældist ryk undir losunarmörkum fyrir verksmiðjuna. Sýnataka var gerð á loðnuvertíð í fyrra og var þá verið að brenna MD-olíu (marine diesel). Niðurstöður mælinga sýndu að ryk í reyksháfum var undir losunarmörkum eða 50 mg/Nm<sup>3</sup> og 60 mg/Nm<sup>3</sup> en losunarmörk eru 100 mg/Nm<sup>3</sup>. Eins og áður kom fram, hófst loðnuvertíð á Akranesi í gær og enn er notast við MD-olíu. Því ætti ryk frá verksmiðjunni að vera í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

Félag íslenskra fiskimjölframléiðenda (FÍF) hefur sent stofnuninni erindi með ósk um breytingu á starfsleyfum allra (11) fiskimjölverksmiðja landsins. Umhverfisstofnun hefur enn ekki tekið afstöðu gagnvart óskum FÍF.

Fram kom í eftirlitinu að verktakar á vegum rekstraraðila eru að ljúka framkvæmdum við stýrt afsog af verksmiðjunni og endurnýjun á aðalreykháfi. Afsog af verksmiðjuhúsi stóru og litlu verksmiðjanna er aðskilið og hægt að keyra upp þann hluta þar sem vinnsla er í gangi og síðan er sérstakt afsog af geymslu fyrir afskurð, svokallað „beinaplan“.

Innsend gögn.

a. Farið var yfir innsend gögn um heildarúttekt á losun efna í fráveitu. Gögnin byggja á loðnuvertíð í mars 2016 og fiskafskurði (aðallega karfa) frá 2015. Samkvæmt gögnunum fara 0,1 gramm af hráefni út með frárennslinu fyrir hvert tonn af hráefni sem er unnið í verksmiðjunni (byggt á magni svifagna í frárennsli). Unnin voru 33.766 tonn á árinu og því um 3,4 tonn af hráefninu út með frárennsli verksmiðjunnar árlega. Álag á viðtakann er því ekki mjög mikið þar sem Akranes stendur fyrir opnu hafi.

b. Farið var yfir skýrsluskil. Skýrslum um grænt bókhald og útstreymisbókhald var skilað, svo og eftirlitsmælingum og skýrslu um heildarúttekt á losun efna. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eða lokunar verksmiðjunnar liggur fyrir. Áætlun gegn loftmengun er uppfærð árlega sem og hreinlætisáætlun verksmiðjuhúss. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar liggur fyrir. Engin mengunaróhöpp urðu á árinu 2016. Afrennsli af gólfum og plönum skal fara í fitugildu og voru kvittanir fyrir þrifum á henni lagðar fram. Skoðaðar voru skýrslur um TVN mælingar og almennt er hráefni mjög ferskt þegar það er unnið. Haldið er utanum kvartanir í miðlægum gagnagrunni. Engin kvörtun hefur borist stofnuninni frá síðasta eftirliti.

2) Haldið var í skoðunarferð um verksmiðjuna. Verksmiðjan vinnur úr afskurði á virkum dögum allt árið um kring í lítilli vinnslulínu sem tekin var í gagnið árið 2014. Verið var að taka á móti skorinni loðnu úr hrognatöku og var verið að keyra stærri vinnslulínuna upp þegar eftirlitið fór fram. Verktakar unnu við breytingar á verksmiðju húsi til þess að taka mætti afsog í gagnið. Eins voru starfsmenn Veitna að koma fyrir nýjum spennu til þess að auka afl með rafmagni. Snyrtilegt var um að litast í verksmiðjunni.

#### **ATHUGASEMDIR**

Engar athugasemdir voru gerðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 04.04.2017



Gottskálk Friðgeirsson